

Lög foreldrafélags Breiðagerðisskóla

1. gr.

Félagið heitir Foreldrafélag Breiðagerðisskóla og er heimili félagsins í Breiðagerði 20. Starfssvæði félagsins er í borgarhluta 5 og varnarþing félagsins í Reykjavík. Félagar eru foreldrar/forráðamenn nemenda í skólanum.

2. gr.

Lögbundið hlutverk félagsins er þrjúþætt, að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Markmið félagsins eru:

- Að efla og tryggja gott samstarf foreldra og starfsfólks skólans.
- Að styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði.
- Að koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál.
- Að vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í skólanum.
- Að standa vörð um réttindi barna til mennta og alhliða þroska.

3. gr.

Til að ná þessum markmiðum hyggst félagið:

- Setja sér skýrar starfsreglur og starfa eftir þeim ákvæðum laga og reglugerða sem Alþingi og menntamálaráðuneytið setur um grunnskóla.
- Kjósa 2 fulltrúa í skólaráð samkvæmt starfsreglum félagsins líkt og 9. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla gerir ráð fyrir.
- Skipuleggja og halda utan um starf bekkjarfulltrúa í hverjum bekk.
- Stuðla að auknum kynnum barna, foreldra og starfsmanna skólans.
- Koma með tillögur og hafa frumkvæði að endurbótum og þróunarstarfi í samvinnu við skólayfirvöld.
- Kynna sér kennsluhætti og uppeldismarkmið skólans t.d. með starfi í foreldraráði og nefndum.
- Koma á umræðu- og fræðslufundum um uppeldis- og skólamál.
- Fjalla um og koma með tillögur um aðstöðu barna í skólahverfinu og stuðla að rétti barna til opinna leiksvæða.
- Styðja eftir megni félags- og tómstundastarf nemenda og vera í samstarfi við ýmsa aðila í hverfinu sem vinna að málefnum barna og unglinga, s.s. frístundaheimili, íþróttafélög og tónlistarskóla.
- Taka þátt í samstarfi við önnur foreldrafélög og samtök foreldra.

4. gr.

Aðalfundur foreldrafélagsins skal haldinn í maí ár hvert. Stjórnin boðar til fundarins í samstarfi við fulltrúa foreldra í skólaráði með minnst viku fyrirvara. Til fundarins skal boðað skriflega í tölvupósti til allra félagsmanna eða á annan tryggilegan hátt. Í fundarboði skal kynna efni fundarins.

Verkefni aðalfundar eru eftirfarandi:

- Skýrsla stjórnar.
- Lagabreytingar.
- Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar.
- Kosning formanns foreldrafélags og annarra stjórnarmanna.
- Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.
- Skýrsla fulltrúa foreldra í skólaráði.

- Kosning fulltrúa í skólaráð samkvæmt starfsreglum félagsins.
- Ákvörðun félagsgjalda.
- Önnur mál.

5. gr.

Stjórn félagsins er skipuð 7-9 forráðamönnum barna skólans. Um er að ræða formann og 6-8 meðstjórnendur. Æskilegt er að þar af sé einn sem einnig er fulltrúi foreldra í skólaráði. Stjórnin samanstendur af formanni og 6-8 meðstjórnendum. Formaður skal kosinn sérstaklega en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum eftir að ný stjórn hefur verið kosin. Auk formanns skal stjórnin skipuð varaformanni, ritara, gjaldkera og þremur- fimm meðstjórnendum. Æskilegt er að ekki fleiri en fjórir gangi úr stjórn í einu. Komi til þess á miðju starfsári að stjórnarmaður geti ekki setið áfram sem slíkur er stjórn samt sem áður starfhæf til næsta aðalfundar.

6. gr.

Stjórnarfundir skulu boðaðir tryggilega með hæfilegum fyrirvara. Stjórnarfundur er ályktunarfær ef meirihluti stjórnar sækir fund. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Ef atkvæði eru jöfn ræður atkvæði formanns (varaformanns) úrslitum. Ákvarðanir stjórnar skulu færðar í fundargerð. Stjórnarfundir skulu haldnir með skólastjóra að lágmarki einu sinni á hverju skólaári.

7. gr.

Skólaráð starfar við Breiðagerðisskóla á grundvelli laga og er það samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Verkefni skólaráðs eru skilgreind í lögum um grunnskóla og skal skólaráð m.a. taka þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um allar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist enn fremur almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.

Foreldrar og forráðamenn skulu eiga tvo fulltrúa í skólaráði úr hópi félagsmanna. Ef annar skólaráðsfulltrúa forfallast skal fulltrúi úr stjórn foreldrafélagsins taka sæti sem varamaður.

8. gr.

Árgangafulltrúar starfa á vegum foreldrafélagsins og skal stjórn foreldrafélagsins setja þeim starfsreglur. Hlutverk árgangafulltrúa er að efla og styrkja samstarf foreldra og barna og leitast við að treysta samband heimilis og skóla innan hversrar bekkjardeildar með nánu samstarfi við umsjónarkennara. Þá ber árgangafulltrúum að skipuleggja félagsstarf innan síns árgangs. Stjórn foreldrafélagsins ber ábyrgð á að í upphafi skólaárs séu kosnir í það minnsta tveir til fjórir fulltrúar forráðamanna úr hverri bekkjardeild. Æskilegt er að árgangafulltrúar séu kjörnir til tveggja ára í senn til að stuðla að því að allir hætti ekki á sama tíma. Árgangafulltrúar mynda fulltrúaráð foreldrafélagsins og skulu vera tengiliðir milli stjórnar foreldrafélagsins og foreldra hvers árgangs.

9. gr.

Fulltrúaráð skal koma saman einu sinni á skólaárinu og oftar ef þurfa þykir. Stjórn félagsins undirbýr og boðar til þessara funda. Þar skulu rædd mál er varða markmið og starf foreldrafélagsins, starf foreldra í bekkjardeildum og verkefni skólaráðs. Fulltrúaráð skal aðstoða stjórn félagsins í stærri verkefnum.

10. gr.

Stjórn foreldrafélagsins er heimilt að skipa nefndir um afmörkuð viðfangsefni. Ávallt skal einn stjórnarmeðlimur vera tengiliður milli hvernar nefndar og stjórnar. Nefndir kjósa sér formann sem sér m.a. um að boða fundi og gæta þess að verkáætlun nefndar standist.

11. gr.

Stjórn foreldrafélagsins getur tekið þátt í umræðum um öll mál sem upp kunna að koma í skólasamfélaginu, beitt sér fyrir lausn ágreiningsmála og aðstoðað við að koma málum í réttan farveg. Stjórnarmenn gæti fyllsta trúnaðar í slíkum málum. Stjórn foreldrafélagsins skal ekki sinna klögumálum eða hafa afskipti af vandamálum er upp kunna að koma á milli einstakra foreldra og starfsmanna skólans.

12. gr.

Stjórn félagsins er heimilt að óska eftir því að foreldrar greiði framlag til félagsins. Þetta framlag skal innheimt einu sinni á ári og er ákveðið á aðalfundi.

13. gr.

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi og skulu tillögur um lagabreytingar sendar með í fundarboði. Einfaldan meirihluta fundarmanna þarf til þess að breytingar nái fram að ganga. Samþykkt á stofnfundi félagsins 13. nóvember 1980. Með breytingum samþykktum á aðalfundum 5. október 1993 og 25. október 1995.

Samþykkt með breytingum á aðalfundi þann 23. september 2021